

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að ársvextir af dómsupphæðinni teljist 5%. Áfrýjandi Halldór Jónsson fyrir hönd Nauteyrarhrepps greiði stefndu, sjúkrahúsnefnd Ísafjarðar, þeim Davíð Scheving, Eiríki Kjerúlf og Jóh. Þorsteinssyni 25 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Skipuðum málfærslumanni áfrýjanda, Birni Þórðarsyni yfirréttarmálaflutningsmanni greiðist í málflytningu 20 kr. af almannafé.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 8. dag maímán.

Nr. 53/1910:

Þorvaldur Jónsson  
gegna

bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd  
Ísafjarðarkaupstaðar.

D ó m u r:

Í fundargjörð heilbrigðisnefndar Ísafjarðarkaupstaðar 1. júlí f. á. segir svo: »Tilfni fundarins var, að á lóð Þorvaldar Jónssonar læknis var mykjuhaugur, er náði upp úr safngryfju og sást af götunni. Ákvað nefndin, að þak skyldi sett yfir safngryfju þessa, og þrifað til kringum hana eigi síðar en 8. þ. m. Verði þessu ákvæði eigi hlýtt, lætur

heilbrigðisnefndin tæma gryfjuna og fylla hana upp á kostnað eiganda. Var þessi fundargjörð sama dag birt Þorvaldi lækni og bankastjóra Jónssyni, áfryjanda þessa máls, og 11. s. m. kom nefndin aftur á fund á staðnum (þ. e. lóð áfryjanda), og athugaði þá, að tekinn hafði verið kúfur ofan af safngryfjunni, svo að hún var ekki meir en barmafull, og þrifað í kringum hana, en hlemmur hafði ekki verið settur á hana. Fól nefndin formanni sínum, bæjarfógetanum á Ísafirði, að sjá um að framfylgt yrði fundarályktuninni 1. s. m. Samkvæmt því lét bæjarfógetinn taka áburðinn úr gryfjunni og færa burtu, en fylla hana með mól og aur. Kostnaðinn við þetta, kr. 7,15, sem greiddur var til bráðabirgða úr bæjarsjóði, krafðist bæjargjaldkerinn yrði tekinn lögtaki hjá áfryjanda, og við fógetagjörð, sem í því skyni var haldin 11. ágúst, úrskurðaði fógetinn gegn mótmælum áfryjanda, að lögtakið skyldi fara fram, en til að komast hjá lögtaki, greiddi áfryjandi áminsta upphæð, auk lögtakskostnaðar, alls kr. 9,90, en áskildi sér jafnframt að áfryja úrskurðinum, og hefir hann nú með stefnu dags. 21. sept. f. á. skotið til yfirdómsins nefndum fógetaúrskurði og lögtaksgjörð og krafist, að það verði felt úr gildi, og að bæjarstjórn Ísafjardarkaupstaðar fyrir hönd bæjarsjóðsins verði dæmd til að endurgreiða sér lögtaksupphæðina kr. 9,90, og hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum, eftir mati yfirdómsins. Svo er þess og krafist, að nokkur ummæli um áfryjanda í framlögðu skjali dags. 28. nóv. f. á. frá Magnúsi bæjarfógeta Torfasyni verði dæmd dauð og ómerk og bæjarfógetinn sektaður fyrir þau.

Af hálfu hinna stefndu er þess krafist, að hinn áfryjandi úrskurður og lögtaksgjörð verði staðfest, og að þeim,



hvernig sem málið fer, verði dæmdur málskostnaður eftir reikningi eða eftir mati réttarins.

Skýrslur málsins bera það með sér, að umgetin áburðargryfja var kassi, 4 ál. á hvorn veg,  $1\frac{1}{2}$  að dýpt, grafin niður í einu horni á túni áfrýjanda milli Bankagötu og Póstgötu, þannig að ca.  $\frac{1}{4}$  al. tók upp úr jörð, og að áfrýjandi hafði notað gryfjuna með þessum umbúnaði til áburðargeymslu í 12 ár óátalið. En að sögn formanns heilbrigðisnefndarinnar benti einn af »góðborgurum« bæjarins honum á það í fyrra sumar, að haugur væri kominn ofan á safngryfjuna og krafðist, að það væri eigi látið viðgangast, og varð þetta til þess, að heilbrigðisnefndin lét málið til sín taka; telur hún heimild vera fyrir ráðstöfun sinni í 17. og 18. gr. heilbrigðissamþykta fyrir Ísafjarðarkaupstað 5. maí 1906. Fyrtalda greinin virðist þó eigi taka til þessa máls, en 18. gr. er svolátandi: »Ef peningshús eða safngryfja, sem eldri er en þessi samþykkt, valda óþrifnaði, má heilbrigðisnefndin banna afnot þeirra, nema bætt sé og lagfært samkvæmt 17. gr«. En áfrýjandi heldur því aftur á móti fram, að þessi ráðstöfun nefndarinnar sé heimildarlaus, með því að áburðarkassinn eða gryfjan hafi engum óþrifnaði valdið.

Í fundargjörðinni 1. júlí f. á. er sú ástæða ein talin fyrir ályktun nefndarinnar, að mykjukúfur væri kominn ofan á gryfjuna og sæist frá götu; af þessu verður nú ekki frekar ráðið en það, að nefndinni hafi þótt óþryði að því, að láta áburðinn sjást frá almannafæri, enda hefir einn af heilbrigðisnefndarmönnum, héraðslæknirinn, sem var ráðstöfuninni ósamþykkur, borið þetta sem vitni í málinu, en hinu hafa stefndu ekki haldið fram fyr en í málfærslunni hér við réttinn, að neinn óþrifnaður hafi

verið að gryfjunni. Það hefir eigi heldur verið reynt að sanna þetta, en hins vegar hafa nágrannar áfrýjanda og aðrir kunnugir menn borið það sem vitni, að í gryfjunni hafi að eins verið þur mykja, svo að ekkert renslí hafi verið frá henni og enginn óþefur, og vel þrifíð í kringum hana, og í sömu átt fer vottorð frá 124 borgurum á Ísa-firði, sem stefndu hafa tekið jafngilt sem vitnisburð fyrir rétti, að safngryfja áfrýjanda hafi aldrei valdið óþrifum. Með þessu verður að telja sannað, að eigi hafi neinn óþrifnaður stafað af safngryfjunni, og gat heilbrigðisnefndin því eigi af þeirri ástæðu bannað áfrýjanda að nota hana, eða stutt umgetna ráðstöfun sína við 18. gr. heilbrigðissamþyktarinnar. Þess er getið í fundargjörðinni, 1. júlí f. á., að áburðargryfjan hafi sést frá götu, en þetta má þó telja vafasamt, einkum eftir að áfrýjandi hafði látið taka kúfinn ofan af henni, enda höfðu vitnin, sem um það voru spurð, ekki tekið eftir þessu, og eitt vitnið tekur það fram, að gryfjan, sem var 30—40 áln. frá götu, hafi eigi sést fyr en komið var fast að henni. En þó að hún hefði sést frá götu, svo að heilbrigðisnefndin samkvæmt 44. gr. í lögreglusamþykkt fyrir kaupstaðinn 21. nóv. 1893 hefði getað lagt fyrir áfrýjanda að láta hlemm yfir kassann, þá gat þetta ekki heimilað nefndarmanni að ónyta kassann og gryfjuna, en að eins að láta vinna verk það á kostnað áfrýjanda, er hún hafði lagt fyrir hann, en hann talið sér óskilt að gjöra, þ. e. að láta lok yfir gryfjuna.

Það verður, af greindum ástæðum eigi álitíð, að heimild hafi verið fyrir áminstri ráðstöfun heilbrigðisnefndarinnar, og varð áfrýjandi þá eigi krafinn um borgun fyrir hana, né lögtak gjört fyrir kostnaðinum. Fyrir því verður að nema úr gildi hinn áfrýjaða úrskurð og lögtaksgjörð og skylda hina stefndu bæjarstjórn til að endurgreiða áfrý-



janda lögtaksupphæðina, kr. 9,90. Svo er og rétt, eftir þeim úrslitum, að bæjarstjórnin greiði áfrýjanda málskostnað, sem ákveðst 30 kr.

Með því að fyrnefnt bréf frá Magnúsi bæjarfógeta Torfasyni er eigi stýlað til yfirdómsins og eigi sést heldur, að það sé með hans vilja eða ráði framlagt í réttinum, verður hann eigi látinn sæta ábyrgð fyrir ummæli bréfsins. En málfærslumaður stefnda Magnús Sigurðsson yfirréttarmálaflutningsmaður hefir lagt fram bréfið og lýst því yfir, að hann geri það að einum hluta af vörn sinni í málinu. Verður hann því að bera ábyrgð á rithætti bréfsins, og kemst þá ekki hjá því að sæta sekt fyrir þessi ummæli: »að fleka samborgara sína til að undirskrifa annað eins lygaskjal», sem viðhöfð eru í bréfinu um áfrýjanda, og ákveðst sektin 10 kr. til fátækra sjóðs Reykjavíkur og 10 kr. til landssjóðs.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður og lögtaksgjörð skal úr gildi feld, og ber hinni stefndu bæjarstjórn að greiða áfrýjanda Þorvaldi Jónssyni bankastjóra úr bæjarsjóði Ísafjarðarkaupstaðar 9 kr. 90 a. og í málskostnað 30 kr. Magnús Sigurðsson yfirréttarmálaflutningsmaður greiði sekt 10 kr. í fátækra sjóð Reykjavíkur og 10 kr. í landssjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagri lagaaðför.